

Stefna Kópavogsbæjar um mál og lestur í leik- og grunnskólum



Kópavogsbær

Inngangur

Þann 26. maí 2015 skrifuðu bæjarstjóri Kópavogs, fulltrúi foreldra og menntamálaráðherra undir þjóðarsáttmála um læsi. Menntamálayfivöld og sveitarfélagið einsetja sér að bæta læsi barna í Kópavogi. Mál og lestrarhæfni er viðfangsefni allra barna og mikilvægt samfélagslegt verkefni. Börn fá í vöggugjöf hæfileikann til þess að læra mál. Hversu vel hann nýtist fer eftir því hversu mikla og fjölbreytta málörvun þau fá í uppvexti sínum. Snemmtæk íhlutun er forsenda þess að efla börn á fyrstu stigum læsisnáms og koma þannig í veg fyrir námserfiðleika og neikvæða upplifun af skólagöngu seinna meir. Framtíðarsýn skólasamfélagsins miðar að því að efla málþroska barna og styrkja getu og leikni þeirra í lestri og lesskilningi. Hver leik- og grunnskóli hefur sín sérkenni og mótar eigin aðferðir til þess að ná markmiðum í stefnu Kópavogsbæjar. Þannig skilum við nemendum okkar vel undirbúnum fyrir áframhaldandi nám, líf og leik í nútíma samfélagi.

Stefnan gerir ráð fyrir að unnið sé út frá fimm grunnþáttum lestrar: Hljóðkerfis- og hljóðvitund, lesfimi, lesskilningi, orðaforða og hljóðrænni umskráningu.

Framkvæmd stefnunnar byggir á að allt skólasamfélagið í Kópavogi taki höndum saman um að bæta árangur barna í lestri. Framtíðarsýnin er mótuð út frá leiðarljósi þar sem sett eru fram fjögur markmið sem byggja á hlutverki foreldra í skólastarfi, stuðningi við kennara og samvinnu við stofnanir og félagasamtök. Að lokum eru sett fram viðmið um árangur.

Leiðarljós

Skólasamfélagið taki höndum saman og skapi þann jarðveg sem stuðlar að því að börn nái sem bestum árangri og veiti þeim jöfn tækifæri til að lifa og starfa í síbreytilegum heimi. Nemendur skulu fá örvun og tækifæri til að vera virkir þátttakendur í eigin námi og leik. Þeim eru búnar aðstæður til að bregðast við því sem þau lesa á skapandi og gagnrýnin hátt með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

Framtíðarsýn

Að skapa fjölbreytt umhverfi fyrir börn sem eflir áhuga á lestri og bætir árangur í málþroska, lestri og lesskilningi.

- Skólar setji sér stefnu um málþroska, lestur og lesskilning í samræmi við aðalnámskrá og stefnu Kópavogsbæjar um mál og lestur.
- Starfshættir og umhverfi skóla verði hvetjandi fyrir árangur og áhuga barna á máli og lestri.
- Skólar noti fjölbreyttar og skapandi kennsluaðferðir sem stuðla að jákvæðu viðhorfi til lestrar, auki færni í lestri, hvetji til gagnrýnnar túlkunar og gefi börnum færi á að tjá sig á margvíslegan hátt.
- Skólar komi til móts við börn með annað móðurmál en íslensku og börn sem dvalið hafa langdvölum erlendis.
- Markviss lestrarkennsla og lestrarþjálfun verði í öllum árgöngum upp í 10. bekk.
- Niðurstöður skimunarprófa og lestrarprófa verði nýttar börnum til gagns.

Að styðja kennara og skóla með fræðslu


- Hvetja kennara til að prófa sig áfram með mismunandi kennsluaðferðir og nýjungar í starfi.
 - Þjóða upp á námskeið, kynningarfundir og vinnustofur.
 - Skapa grundvöll til samstarfs þvert á skólastig.
-

Að efla samvinnu við foreldra um mál og lestur.

- Skólar setji sér markmið um samvinnu við foreldra um eflingu málþroska, lesturs og lesskilnings.
- Styrkja foreldra og uppaldur vegna lestrarnáms barna sinna.
- Þjóða upp á námskeið og kynningarfundir fyrir foreldra þar sem m.a. eru kynntar niðurstöður rannsókna og fjallað um strauma og stefnur í lestrarnámi.

Að efla samvinnu við stofnanir og félagsamtök varðandi mál og lestur.

- Samvinna við bókasafn og menningarhús í Kópavogi.
- Samvinna við heilsugæslu.
- Samstarfsverkefni með félagsmiðstöðvum og dægradvölum í grunnskólum.
- Samvinna við íþróttafélög um verkefni til að auka áhuga á lestri.



Framkvæmdaáætlun 2016 - 2018

Í framkvæmdaáætlun koma fram helstu þættir stefnunnar sem vinna þarf að svo hún nái fram að ganga.

1. Fræðsla og stuðningur við skólana

Mikilvægt að efla þróunarstarf um læsi, vinna að athugunum og vera stöðugt á verði um nýjungar og framþróun lestrarkennslu.

- Námskeið og fræðsla fyrir kennara m.a. um fjölbreyttar og gagnreyndar kennsluaðferðir og nýjungar í kennslu.
- Efla hlutverk skólabókasafna.

2. Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Nemendur með annað móðurmál en íslensku fari reglubundið í skimunarpróf, þar sem orðaforði og málskilningur er kannaður.

Brugðist verði við niðurstöðum með sértækum úrræðum.

- Leita eftir samvinnu við sérfræðinga til að finna góð greiningartæki.
- Stuðla að þróunarverkefnum.
- Efla samvinnu leik-, grunn og framhaldsskóla.

3. Samvinna við foreldra

Gott upplýsingastreymi og samskipti við foreldra getur skipt sköpum fyrir árangur barna.

- Leita eftir samstarfi við foreldrasamtök í Kópavogi um verkefni sem efla mál og lestur.
 - Styðja skóla í verkefnum sem stuðla að samvinnu við heimilin um málþroska og lestur.
 - Setja upplýsingar og fróðleik fyrir foreldra á heimasíðu bæjarins.
-

4. Samvinna skóla og annarra stofnanna

Áhersla verði lögð á að efla samvinnu milli skóla og á milli skóla og annarra stofnana, s.s. bókasafna og listasafna þar sem skipst er á hugmyndavinnu og sameiginleg verkefni unnin.

- Styðja við verkefni milli skóla og þvert á skólastig.
- Eiga samvinnu við bókasöfn um eflingu máls og lesturs.
- Hrinda af stað verkefnum varðandi málþroska og lestur í samvinnu við listasöfn, félagsmiðstöðvar og íþróttafélög.
- Efla samvinnu við heilsugæsluna um málþroska.

Mat og eftirlit

Við lok grunnskóla árið 2020 geti 90% nemenda lesið sér til gagns og áhugi þeirra á lestri hafi aukist frá því sem nú er.

- Stefna um mál og lestur verði hluti af skólanámskrá allra skóla og sett á heimasíðu þeirra.
- Skólar skili til menntasviðs stefnu um málþroska, lestur og lesskilning á tímabilinu janúar til maí 2017.
- Skimunarpróf verða lögð fyrir í öllum skólum bæjarins og niðurstöðum skilað til Menntasviðs Kópavogsbæjar:

PRÓF	ÁRGANGUR	VIÐMIÐ
HLJÓM 2	5 ára (leikskóli)	Meðal- eða góð færni: 90% nemenda
Lesfimi	3. bekkur	90% nemenda lesi 55 orð á mínútu, 50% lesi 100 orð og 25% lesi 120 orð
Lesfimi	8. bekkur	90% nemenda lesi 130 orð á mínútu, 50% lesi 180 orð og 25% lesi 210 orð
Í lesskilningshluta samræmdra prófa	10. bekkur	90% nemenda lesi sér til gagns
Viðhorfakönnun Skólapúlsins um ánægju nemenda í lestri	6. - 10. bekkur	Nemendur í grunnskólum raðist í sæti 1-5 yfir sveitarfélög sem taka þátt

Leik- og grunnskólar í Kópavogi

kopavogur.is

Aðalþing

Arnarsmári

Austurkór

Álfaheiði

Álfatún

Baugur

Dalur

Efstihjalli

Fagrabrekka

Fífusalir

Furugrund

Grænatún

Kópahvoll

Kópasteinn

Kór

Lækur

Marbakki

Núpur

Rjúpnahæð

Sólhvörf

Urðarhóll

Álfhólsskóli

Hörðuvallaskóli

Kársnesskóli

Kópavogsskóli

Lindaskóli

Salaskóli

Smáraskóli

Snælandsskóli

Vatnsendaskóli



Kópavogsbær
2016